

Tungumálaréttindi Stefnuskráin frá Girona

Fyrir fimmtán árum birti nefnd PEN International um þýðingar og tungumálaréttindi Almenna yfirlýsingu um tungumálaréttindi. Í dag kemur sama nefnd saman í Gerona og samþykkir stefnuskrá þar sem settar eru fram tíu grunnreglur yfirlýsingarinnar.

1. Fjölbreytni tungumála er alþjóðaarfur sem ber að hlúa að og varðveita.
2. Virðing fyrir öllum tungumálum og hverri menningu er grundvöllur þess að byggja upp samræðu og frið í heiminum og viðhalda þeim.
3. Allir menn læra að tala í samfélagi sem veitir þeim líf, tungu, menningu og sérstöðu.
4. Mismunandi tungumál og mismunandi talsmáti eru ekki aðeins tjáskiptatæki; þau eru einnig það umhverfi sem fólk elst upp við og menning mótast í.
5. Hvert málsamfélag hefur rétt til að nota mál sitt sem opinbert tungumál á sínu landsvæði.
6. Skólamenntun á að stuðla að því að auka veg þeirrar tungu sem samfélag svæðisins talar.
7. Æskilegt er að borgararnir hafi almenna þekkingu á mismunandi tungumálum því að það eflir samhygð og víðsýni og stuðlar um leið að bættri þekkingu á tungu þeirra sjálfra.
8. Þýðing texta, sér í lagi stórvirkja mismunandi menningar, er afar mikilvæg til að bæta skilning og auka virðingu manna í milli.
9. Fjölmíðlar eru kjörnir til að ná fram og þróa fjölbreytni tungumála og auka um leið virðingu fyrir henni með þekkingu og nákvæmni.
10. Sameinuðu þjóðirnar skulu viðurkenna réttindi hvers og eins til að nota og standa vörð um tungumál sjálfs sín sem grundvallarmannaréttindi.